



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

5. fundur stjórnar 2025-2026 þriðjudaginn 21. október 2025

kl. 11.00 - 13.00 í Gimli, G-209, og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Kári Kristinsson og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Þröstur Olaf Sigurjónsson.

Forföll: Rannveig Björk Þorkelsdóttir.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 4. stjórnarfundar frá 5. september lögð fram til afgreiðslu (Fskj. 1)
2. Skipan trúnaðarmannaráðs og fundur með ráðinu.
3. Námskeið fyrir trúnaðarmenn aðildarfélaga BHM
4. Skipan fulltrúa í starfsnefnd HÍ um álag
5. Búnaður í Borgartúni 27
6. Fjársýsla ríkisins og ofgreidd laun
7. Sameining akademíks starfsfólks
8. Nýliðafræðsla
9. Vinnufundur stjórnar og út að borða með fyrri stjórn
10. Næsti fundur
11. Önnur mál

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 11.05.

1. Fundargerð 4. stjórnarfundar frá 5. september lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

2. Skipan trúnaðarmannaráðs og fundur með ráðinu.

Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir gefur kost á sér sem trúnaðarmaður félagsins frá heilbrigðisvísindasviði HÍ og var það samþykkt. Stefnt er að fundi með ráðinu í nóvember.

3. Námskeið fyrir trúnaðarmenn aðildarfélaga BHM.

BHM býður upp á námskeið fyrir trúnaðarmenn aðildarfélaganna. Grunnnámskeið verður 4. nóvember og framhaldsnámskeið 5. nóvember. Námskeiðin verða í Borgartúni 27 og á Teams kl. 13-16. Trúnaðarmenn félagsins voru hvattir til að taka þátt.

4. Skipan fulltrúa í starfsnefnd HÍ um álag.

Búið er að stofna starfshóp rektors um kennsluálag innan HÍ. Starfshópurinn er skipaður fulltrúum FH og FPR. Stjórn félagsins samþykkti í tölvupósti þann 12. september að

Sigrún og Kári verði fulltrúar félagsins í hópnum. Í hópnum frá HÍ eru þau Ragna Benedikta Garðarsdóttir prófessor og aðstoðarrektor menntunar og starfsumhverfis, Ragnhildur Ísaksdóttir sviðsstjóri mannauðssviðs og Ólafur Pétur Pálsson prófessor. Búið er að halda einn fund í starfshópnum. Fyrir næsta fund eiga félögin, hvort um sig, að koma með tillögur að lausnum. Starfshópurinn á að skila inn tillögum fyrir jól.

5. Búnaður í Borgartúni 27.

Framkvæmdastjóri sagði frá nýjum búnaði sem félögin í Borgartúni 27, 2 hæð hafa hug á að kaupa. Um er að ræða tæki sem félögin geta nýtt sér fyrir útsendingar eins og hlaðvörp. Eitt fundarherbergi verður útbúið með betri hljóðvist og með skápum undir búnaðinn s.s. hljóðnema, myndavélar og fleira. Kostnaður á hvert félag er um 130.000 kr. Stjórn samþykkti að taka þátt í kostnaðinum.

6. Fjársýsla ríkisins og ofgreidd laun.

Sigrún sagði frá stöðu mála. Mörg mál eru enn óleyst þar sem Fjársýslan hefur ekki náð að greiða úr þeim og veita fullnægjandi skýringar á þeim upplýsingum sem fram koma á launaseðlum.

7. Sameining akademíks starfsfólks.

Starfshópur félaganna um sameininguna hefur hist þrisvar sinnum. Fundur verður aftur í næstu viku þar sem rætt verður um mögulegar útfærslur.

8. Nýliðafræðsla.

Ákveðið var að bjóða upp á kynningarfund fyrir nýtt félagsfólk mánudaginn 17. nóvember kl. 16-17 og upplýsingafund á ensku fyrir erlent starfsfólk þriðjudaginn 18. nóvember kl. 16-17.30. Báðir fundirnir verða á Teams og opnir öllu félagsfólki.

9. Vinnufundur stjórnar og út að borða með fyrri stjórn.

Vegna anna verður vinnufundur stjórnar og kvöldverður með fyrri stjórn eftir áramót, líklega í febrúar.

Hermína fór kl. 12.10.

10. Næsti fundur.

Fundurinn sem var áætlaður 28. október fellur niður. Næsti fundur verður þriðjudaginn 11. nóvember kl.12-14 í Borgartúni 27.

11. Önnur mál.

Jólaboð emeríta.

Eins og í fyrra verður félagið með jólaboð fyrir emeríta bæði í Reykjavík og á Akureyri í lok nóvember eða byrjun desember. Boð verður sent út þegar dagsetningar liggja fyrir.

Það voru ekki fleiri önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12.20.

Fundarritari: LÞ.